
Sinfóníuhljómsveit áhugamanna

TÓNLEIKAR



**í Seltjarnarneskirkju
sunnudaginn 9. desember 2007
kl. 17:00**

**Stjórnandi: Óliver Kentish
Einleikari á fiðlu: Hulda Jónsdóttir
Einleikari á trompet: Baldvin Oddsson**

**Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn,
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara.**

Kaffi og meðlæti í hléi innifalið

Efnisskrá:

Felix Mendelssohn:

Forleikur, Fingalshellir, op. 26

W. A. Mozart:

Fiðlukonsert nr. 3 í G-dúr, K 216

Allegro

Adagio

Rondeau

- HLÉ -

Kaffveitingar í safnaðarheimilinu -

Albinoni:

Konsert fyrir trompet og strengi

op. 7 nr. 3, 1. þáttur

Allegro

Franz Schubert:

Sinfónía nr. 5 í B-dúr

Allegro

Andante con moto

Menuetto. Allegro molto

Allegro vivace

Um flytjendur, höfunda og tónverk

Felix Mendelssohn-Bartholdy (1809-1847): Fingalshellir, forleikur op. 26. Þegar Mendelssohn var tvítugur, árið 1829, lagði hann upp í för um Vestur-Evrópu til að útvíkka hugann, heyja sér reynslu og stofna til kynna við góða menn. Í þeirri för urðu til kím ýmissa verka hans, svo sem Ítölsku sínfóníunnar og Skosku sínfóníunnar, svo og forleiksins sem nú er fluttur. Hellir Fingals er á smáeyjunni Staffa, sem er ein af Suðureyjum vestan við Skotland. Þetta er stuðlabergshellir ekki ólíkur Garðahelli sunnan í Reynisfjalli í Mýrdal sem margir kannst við. Þótt tónskáldið væri illa haldið af sjóveiki og þætti hellirinn ógnvekjandi, skráði hann þegar upphafið að forleiknum í dagbók sína. Verkinu lauk hann á Ítalíu ári síðar. Forleikurinn var frumfluttur í London 1832 og hefur jafnan notið vinsælda síðan.

Fingalshellir tengist Íslandi á ýmsan hátt, þótt undarlegt megi virðast. Jarðmyndunin sem hann er í er basalhraun, sem er óvenjulegt í því meginlandsumhverfi sem Skotland er. Eldstöðin sem þarna gaus var virk fyrir um 70 milljónum ára þegar Atlantshafið var lokað og Grænland lá upp að Evrópu. Gosvirknin tengist þeim merka atburði þegar íslenski heiti reiturinn færðist inn á þessar slóðir og varð til þess að meginlöndin tók að reka sundur. Eldstöðin er því í rauninni íslensk þótt hún sé staðsett í Skotlandi. Fingalshellir var að mestu óþekktur þangað til náttúrufræðingurinn Sir Joseph Banks vakti athygli á honum árið 1772 en hann var þá á leið í rannsóknarferð til Íslands. Nafnið Fingalshellir er þó talið komið frá Mendelssohn, upphaflega nafnið var Uamh-Binn, sem þýðir tónlistarhellir eða sönghellir. Svo mikið er víst að fyrir atbeina þeirra félaga, náttúrufræðingsins og tónskáldsins, er hellirinn einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna í öllu Skotlandi.



Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791): Konsert fyrir fiðlu nr. 3 í G-dúr, K 216. Mozart skrifaði 5 fiðlukonserta, alla á árinu 1775 og á 9 mánaða tímabili. Hann var þá 19 ára gamall og ætlaði konsertana til eigin brúks. Eins og heyra má hér í dag eru konsertarnir ekkert léttmeti svo það gefur góða hugmynd um snilligáfu unglingsins, bæði sem hljóðfæraleikara og tónskálds. Í bréfi til föður síns, sem líka var frábær fiðluleikari, skrifaði Mozart eitt sinn: „Ég lék eins og ég væri mesti fiðlari í Evrópu“. Föðurnum þótti þetta greinilega nokkuð léttúðugt og svaraði: „Þú veist ekki sjálfur hve vel þú leikur á fiðluna. Ég vildi óska að þú kynnis betur að meta sjálfan þig og lékir af meiri krafti og tilfinningu, já, eins og þú værir fremstur allra fiðluleikara í Evrópu.“

Franz Schubert (1797-1828): Sinfónía nr. 5 í B-dúr (1816). Á stuttri ævi samdi Schubert einar 10 sinfóníur. Tvær þeirra týndust en af hinum átta teljast sex til æskuverka, samdar á árunum 1813-1818, en hinar tvær síðustu, „Ófullgerða sinfónían“ nr. 8 (1822) og „Stóra D-dúr sinfónían“ nr. 9 (1828) til fullorðinsverka. Í ækusinfóníunum er Schubert í skugga Haydns og Mozarts sem fullkomnuðu klassíska sinfóníu 18. aldar, en í hinum síðustu tveimur er hann orðinn sjálfstæður og djarfur andi þótt Beethoven gnæfi að vísu yfir sinfónísku sviði Vínarborgar á fyrsta þriðjungi 19. aldar. B-dúr sinfónían sem nú er flutt hefur notið mestra vinsælda ækusinfónía Schuberts. Helsta skýring fræðimanna á því er að hún sé „schubertískust“ þeirra allra, full af þeirri náttúrulegu ljóðrænu, fegurð og heiðríkju sem einkennir verk Schuberts. Auk þess er hún samin af mikilli kunnáttu og hugkvæmni.

Hulda Jónsdóttir fiðluleikari er 16 ára gömul. Hún hóf fiðlunám fjögurra ára gömul í Suzukideild Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar hjá Sigríði Helgu Þorsteinsdóttur. Veturinn 2002-2003 var hún nemandi við Suzukideild MacPhail Center for the Arts í Minneapolis. Eftir að heim var komið var hún fyrst nemandi Lilju Hjaltadóttur og síðar Guðnýjar Guðmundsdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík. Haustið 2006 hóf Hulda nám við Listaháskóla Íslands á diplómabraut undir áframhaldandi handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og er hún yngsti nemandi sem fengið hefur inngöngu í skólann.

Hulda hefur komið fram sem einleikari með Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík, hljómsveit Margess International tólistarhátíðarinnar í Sviss og með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún hefur haldið einleikstónleika m.a. í Allegro Suzuki Tónlistarskólanum og á Blómstrandi Dögum í Hveragerði. Sumarið 2007 var Hulda yngsti þátttakandi í Texas Music Festival og kom þar fram sem konsertmeistari kammerhljómsveitar námskeiðsins og var uppfærslumaður 2. fiðlu sinfóníuhljómsveitarinnar. Hún hefur verið þátttakandi í Margess International tónlistarhátíðinni sumurin 2006 og 2007, og naut þar leiðsagnar Almitu og Roland Vamos. Hún hefur auk þess sótt einkatíma og masterklassa hjá Rachel Barton Pine, Earl Carlyss, Elisabeth Zeuthen Schneider, Sigrúnu Eðvaldsdóttur, Auði Hafsteinsdóttur, Danwen Jiang, Fredell Lack, Gilles Apap og Joel Smirnoff.

Hulda leikur á fiðlu sem smíðuð var af Vincenzo Sannino í kringum 1920 og boga smíðuðum af Victor Fetique. Hvort tveggja hefur hún að láni frá Rachel Elizabeth Barton stofnuninni í Chicago.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur starfað óslitið frá árinu 1990. Eitt af markmiðum með starfsemiinni er að styðja við unga og uppnennandi tónlistarmenn og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig. Þess sér merki hér í dag. Einleikarar dagsins eru á unglingsaldri, bæði fædd eftir að hljómsveitin var stofnuð. Félagar í hljómsveitinni koma úr ýmsum starfsstéttum og spanna ótrúlega breitt aldursbil. Hér leika kynslóðirnar saman, kynslóðabilið er óþekkt. Algengt er að börn leiki hér við hlið foreldra sinna, jafnvel afa síns. Í dag leika til dæmis saman í fyrstu fiðlu Hildigunnur Rúnarsdóttir og dóttir hennar, Fífa Jónsdóttir. Í bassadeildinni leika saman mæðginin Birgit Myschi og Leifur Gunnarsson. Á klarinett leikur Magnús, sonur Páls sellóleikara. Baldvin Oddsson, sem nú leikur einleik á trompet, er sonur Odds Björnssonar, sem oft hefur hlaupið undir bagga þegar vantað hefur básúnuleikara. Faðir Odds, Björn R. Einarsson, hefur verið einn dyggasti félaginn í hljómsveitinni og er aldursforseti hennar. Þeir langfeðgar Baldvin og Björn, sátu saman og léku á síðustu tónleikum sveitarinnar. Mörg fleiri dæmi má finna frá fyrri tíð.

Hljómsveitin hefur haldið tónleika víða um land og oft leikið með kórum og tónlistarfólki á landsbyggðinni. Nú eru ferðaáætlanirnar stærri í sniðum. Næsta haust hyggst hún fara til Berlínar og halda tónleika með elstu áhugamannasveit þar í borg.

Stjórn hljómsveitarinnar skipa: Páll Einarsson (formaður), Kjartan Guðnason (gjaldkeri), Guðrún Másdóttir (sér um vefsíðu o. fl.), Páll Ingvarsson (nótnavörður), og Sverrir Guðmundsson.



Nýr hljómdiskur

Carmina Burana

Út er kominn hljómdiskur með hinu sívinsæla verki Carmina Burana eftir Carl Orff í flutningi Óperukórsins og Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna ásamt Unglingakór Söngskólans í Reykjavík. Einsöngvarar eru Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran, Þorgeir J. Andrésson tenór og Bergþór Pálsson barítón. Stjórnandi er Garðar Cortes.

Texta verksins tók Orff úr frægu kvæðahandriti frá fyrri hluta 13. aldar, sem geymt var í Benediktínaklaustri í Bæjarlandi og því kallað Carmina Burana eða „Kvæði frá Bauern“. Handritið inniheldur fjölda kvæða og söngva sem samdir höfðu verið af farandskáldum miðalda. Kórverkið einkennist af fallegum löngum laglínum, gæddum óendanlegum breytingum í takti og styrkleika. Frábær blanda af gáska, spennu, einfaldleika þjóðlagsins, ástríðu, háði, dulúð, hnitmiðuðu máli, þýðleika og tilfinningum. Með samspili texta og tónlistar er tilfinningum lýst á einstaklega sterkan og einfaldan hátt sem grípur áheyrandann og dregur hann inn í heim gleði og sorgar - verk fyrir alla sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Verkið var frumflutt 1937 og má geta þess að það er flutt að meðaltali einu sinni á dag allan ársins hring, slíkar eru vinsældir þess.

Uptakan var gerð á tvennum tónleikum í Langholtskirkju 25. mars á þessu ári, sem haldnir voru í tilefni þess að 70 ár voru frá frumflutningnum. Heiðursgestur á tónleikunum var Liselote Orff, ekkja Carls Orff.



Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Fjóla Dögg Sigurðardóttir
Rós Pétursdóttir
Fífa Jónsdóttir
Jóhannes Vollertsen

2. fiðla

Páll Ingvarsson
Jónína Thorarensen
Inga Dröfn Benediktsdóttir
Erna Másdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Yukiko Koshizuka

Víóla

Helga Guðrún Sigurjónsdóttir
Súsanna E. Friðriksdóttir
Hanna Kaasalainen

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Árni Kjartansson
Hrefna Guðmundsdóttir
Henrik Deiting

Kontrabassi

Roine Hultgren
Leifur Benediktsson
Leifur Gunnarsson
Birgit Myschi

Flauta

Kristrún H. Björnsdóttir
Birna Bragadóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Kristján Rúnarsson

Klarinetta

Magnús Pálsson
Barclay Anderson

Fagott

Rebekka Bryndís Björnsdóttir
Oddný Þórhallsdóttir

Horn

Brynjar Björnsson
Halldór Bjarki Arnarson

Trompet

Jens Guðjónsson
Baldvin Oddsson

Pákur

Helgi Jónsson

Hljómsveitin þakkar:

Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskirkju, FíH, Sinfóníuhljómsveit Íslands
og SPRON ómetanlegan stuðning.